I

góðir Baðstofugestir

Á vinnustað okkar í brauð og mjólkurbúðum, höfum við ekki þurft að keppa við karlmenn.
þessi vinna, að afgreiða mjólk og brauð til neytenda hefur fallið í okkar hlut, kvenna

#

Nú er það staðreind að konur hafa í mjög auknum mæli farið að vinna úti sem kallað er
það er enn fremur staðreynd að sumir undirstöðu atvinnuvegir þjóðarinnar byggjast á vinnu kvenna. Enda eru atvinnurekendur farnir að viðurkenna þetta a.m.k undir borðum
þetta skapar okkur mjög aukinn áhrif á vinnumarkaðinum
En leggur okkur líka félagslegar skyldur á herðar, sem við höfum máski ekki tekið nógu föstum tökum
Við ættum nú að gera okkur það ljóst að það er ekki nóg að vera í félagi, að halda réttindum er vinna og aftur vinna. þess vegna þurfa sem flestir félagar að vera virkir, taka þátt í félagsstarfinu

II

Vissulega hefur hagur okkar til menntunnar og annars jafnréttis þokast í rétt átt síðustu áratugi.
En við skulum hafa í huga að ~~að~~ við lifum í mjög smáborgaralegu Karlmannaveldi. Þeir hafa byggt upp kerfið, og þeir eiga kerfið og þar hefur okkur síður enn svo verið skipað til öndvegis

III

~~Við skulum nú sleppa öllu~~
þrasi, um laun og menntun: er ekki aðatriði
~~Enn~~ Við mættum kanski hér endilega:
á þessum fundi, á ný byrjun
kvenna ári, minnast þeirra kvenna
mæðra okkar og formæðra, sem í
eiginlegum skilningi byggðu bæ og
slóðu að slætti og hirtu hey.
Saga okkar í landinu er í raun saga
konunnar og þó er hennar oftast að
litlu getið.

Hallv.